

Reykjavík, 18. janúar 1975.

Rauðsokkahreyfingin,
Skólavörðustíg 12,
Reykjavík.

Í tilefni þess, að Sameinuðu þjóðirnar samþykktu að helga árið 1975 málefnum kvenna hefur ríkisstjórnin ákveðið að skipa nefnd, er kallist Kvennaársnefnd. Viðfangsefni nefndarinnar skulu í meginatriðum verða þessi:

- I. að hafa með höndum í samráði við ríkisstjórnina framkvæmd þeirra tillagna, sem "samstarfsnefnd um kvennaár Sameinuðu þjóðanna 1975" hefur orðið ásaðtt um,
- II. að eiga sjálf framkvæði að tillögum og framkvæmdum í sambandi við kvennaárið,
- III. að kanna stöðu kvenna nú í íslensku þjóðfélagi, svo sem
 - a) aðstöðu þeirra til náms,
 - b) aðstöðu þeirra til þátttöku í atvinnulífi og til að sinna opinberum störfum,
 - c) launakjör þeirra og möguleika til þess að hljóta störf til jafns við karla og sé sérstaklega kannað, hvort konur veljist yfirleitt í hin verr launuðu störf og þá hversvegna.

Könnun þessi og framkvæmdir í framhaldi af henni miði ekki að því að beina konum frá heimilisstörfum til annarra starfa umfram það sem þær æskja sjálfar, heldur tryggja þeim fullkomlega sömu aðstöðu og körlum á hinum almenna vinnumarkaði.

Könnunin nái einnig til lýsingar á heimilisstörfum kvenna og þ.á m., hve mikið af vinnu þeirra fer til þess að annast börn, sjúka og fatlaða o.s.frv., þannig að menngeri sér betur ljóst hið mikla vinnuframlag húsmæðra og annarra, sem heimilisstörf vinna svo að þau störf sati ekki vanmati í samanburði við störf kvenna utan heimilis.

Eftirtaldir aðilar hafa rétt til að tilnefna fulltrúa í nefndina:


1. Kvenfélagasamband Íslands (2 fulltrúar),
2. Kvenréttindafélag Íslands,
3. Kvenstúdentafélag Íslands og Félag háskólakvenna (tilnefni einn fulltrúa sameiginlega),
4. Menningar- og friðarsamtök kvenna,
5. Rauðsokkahreyfingin og
6. Félag Sameinuðu þjóðanna á Íslandi.


Nefndin fær greidda þóknun fyrir störf sín að fengnum tillögum þóknanagerndar. Nefndinni er heimilað að ráða sér starfsmann og greiða honum laun samkvæmt því sem ríkisstjórnin samþykkir. Nefndinni er heimilt að leita til stofnana og sérfræðinga til þess að fá leyst af hendi störf í sína þágu, en gera skal starfs- og kostnaðaráætlun og leggja fyrir ríkisstjórnina til samþykktar, ef um verulegan kostnað er að ræða.

Ráðuneytin hvert um sig verða nefndinni til aðstoðar við störf hennar að því er varðar upplýsingar og fyringreiðslu.

Jafnframt hefur ríkisstjórnin ákveðið að leggja fram fé til þátttöku í ráðstefnu, sem haldin verður á vegum Sameinuðu þjóðanna í júní 1975 í Bogotá um jafnrétti karla og kvenna og skal íslenska sendinefndin skipuð þremur konum. Kvennaáráðnefnd skal gera tillögur um fulltrúa á þessa ráðstefnu.

Yður er hérmeð gefinn kostur á að gera skriflega tillögu um fulltrúa yðar í nefndinni.


Geir Hallgrímsson


Björn Bjarnason